

Mál nr. 328/2018

**M og
váttryggingafélagið V v. slysa- og sjúkratryggingar.**

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags vegna sjúkdóms.

Gögn.

Málskot, móttækið 25.10.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-5.
Bréf V, dags. 7.11.2018.

Málsatvik.

M gerir kröfu til að V greiði sér dagpeninga úr slysa- og sjúkratryggingu sem fyrirtæki hans er með hjá V. M segist hafa fært tryggingu sína til V um áramótin 2013-2014. M segist hafa verið slæmur í baki nokkur undanfarandi ár og hafi verkir leitt út í mjaðmir og niður í fætur, en hann hafi aldrei verið óvinnufær og verkirnir hefðu ekki verið til vandræða. M segist hafa spurt tryggingarsala V að því hvort hann ætti að tiltaka þetta í umsókn sinni til V, en sá hefði sagt að það gæti kostað óþarfa vesen eftir því sem M segir.

V hafnar bótaskyldu og segir að ekki hafi legið fyrir fullnægjandi upplýsingar frá M fyrra heilsufar vegna hægri mjaðmar hans þegar hann tók umrædda tryggingu hjá félaginu, en hefðu þær legið fyrir þegar tryggingin var tekin hefðu veikindi vegna mjaðmarinnar verið undanskilin í tryggingunni vegna fyrra heilsufars. Í því sambandi vísar V til gr. 24.1 í váttryggingaskilmálum tryggingarinnar þar sem segir að váttryggingin nái ekki til sjúkdóms sem fyrst hafi sýnt af sér einkenni áður en váttryggingin gekk í gildi nema félagið hafi vitað um sjúkdóminn við gildistökuna og veitt váttrygginguna þrátt fyrir það. Þá vísar V til þess að váttryggingataki beri ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann gefi og svörum við töku tryggingar.

Álit.

Ágreiningslaust er að M gerði ekki grein fyrir því, við töku slysa- og sjúkratryggingar hjá V, að hann hefði haft verki í baki nokkur undanfarandi ár og haft verki sem hafi leitt út í mjaðmir. M gaf því ekki fullnægjandi upplýsingar þegar hann tók slysa og sjúkratrygginguna hjá V og eiga því ákvæði greinar 24.1. váttryggingaskilmála við í máli þessu og á M því ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingunni þar sem hann gaf ekki upplýsingar um þann sjúkdóm sem varðar mál þetta þegar hann tók umrædda tryggingu. Ekki hefur verið sannað að M hafi fengið rangar upplýsingar frá V varðandi upplýsingaskyldu félagsins við töku tryggingarinnar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysa- og sjúkratryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 29.11. 2018.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.
Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon lögfr.